

Krossaspurningar 40%

Merkið við þann möguleika sem þið teljið réttastan

1. Viðnám í æðum
 - Minnkar með aukinni lengd æðar
 - Er meira í slagæðum en í háræðum
 - Eykst með auknu þvermáli æðar
 - Eykst með aukinni blóðseigju

2. Blóðþrýstingur er hæstur í
 - Bláæðum
 - Bláæðlingum
 - Slagæðum
 - Slagæðlingum

3. Innhjúpur æða er gerður úr
 - Einfaldri flöguþekju
 - Sléttum vöðva
 - Teygjanlegum bandvef
 - Lausum bandvef

4. Hvert er hlutverk gamma glóbúlína í blóði
 - Blóðstorknun
 - Byggingarefni mótefna
 - Byggingarefni mótefnavaka
 - Flutningur súrefnis frá lungum til vefja

5. Hvað er slagmagn?
 - Það blóð sem fer frá vinstri slegli á mínútu
 - Það blóð sem fer frá báðum sleglum samanlagt í hverju slagi
 - Það blóð sem fer frá hvorum slegli í slagi
 - Sá þrýstingur sem þarf til dæla blóðinu frá sleglum

6. Hvað gerist þegar boð fara frá hjarta- og æðastillistöð eftir vagus tauginni:
 - Hjartsláttartíðni minnkar
 - Hjartsláttartíðni eykst
 - Samdráttarkraftur hjartans minnkar
 - Æðar víkka

7. Hvenær í hjartahring eru öll fjögur hjartahólfín í slökun
- Í lok diastolu
 - Í byrjun diastolu
 - Í byrjun systolu
 - Í lok systolu
8. Hvernig reiknar maður útfall hjarta?
- Slagmagn x diastola
 - Slagmagn x systola
 - Hjartsláttartíðni x meðalblóðþrýstingur
 - Slagmagn x hjartsláttartíðni
9. Hvenær heyrir fyrri hjartahljóð?
- Þegar blóðþrýstingur í ósæð er hærri en í vinstri slegli
 - Þegar blóðþrýstingur í sleglum er hærri en í gáttum
 - Þegar blóðþrýstingur í stofnæð lungna er hærri en í hægri slegli
 - Þegar blóðþrýstingur í gáttum er hærri en í sleglum
10. Í hvaða röð fara boðin um leiðslukerfi hjartans?
- His knippi, Purkinje þræðir, AV hnútur, SA hnútur
 - SA, hnútur, AV hnútur, Purkinje þræðir, His knippi
 - SA, hnútur, AV hnútur, His knippi, Purkinje þræðir
 - AV hnútur, SA hnútur, His knippi, Purkinje þræðir
11. Flutningur sem á sér stað í gegnum háráðar er einkum...
- Flæði og síun
 - Flæði og innfrumun
 - Osmósa og útfrymun
 - Innfrymun og útfrymun
12. Hvaða eftirfarandi atriði er ekki einkenni bólguviðbrags?
- Verkur
 - Roði
 - Sótthiti
 - Fyrirferðaraukning

13. Eitilvefur er sérhæft form

- Netjubandvefs
- teygjanlegs bandvefs
- kirtilvefs
- þekjuvefs

14. Loftskipti milli andrúmslofts og lungnablaðra kallast

- Frumuöndun
- Innri öndun
- Ytri öndun
- Lungnaöndun

15. Mestur hluti súrefnis í blóði flyst sem.....

- Uppleyst lofttegund í plasma
- Carboxyhemóglóbín
- Oxyhemóglóbín
- Sem deoxyhemóglóbín

16. Hvaða efni getur frásogast í maga?

- Amínósýrur
- Fitusýrur
- Glúkósi
- Alkóhól

17. Síunarhraði (glomerular filtration rate / GFR) er...

- Frumþvagsmyndun á mínútu
- Þvagsmyndun á klukkustund
- Sá tími sem það tekur að fylla blöðruna
- Það blóðmagn sem fer til nýrna á mínútu

18. Hvert þessara er ekki hlutverk nýrna?

- Að stjórna líkamshita
- Að stjórna rúmmáli og efnasamsetningu blóðs
- Að örva myndun rauðra blóðkorna
- Að stjórna sýrustigi blóðsins

19. Daglegt heildarvatnstap líkamans er um....


- 1500 ml
- 200 ml
- 4500 ml
- 2500 ml

20. Hversu lengi lifir egg eftir egglos?

- 24 klst
- 48 klst
- 12 klst
- 72 klst


Almennar spurningar og skilgreiningar 60%

1. Lýstu byggingu einnar þarmatotu. (5%)



2. Hvar er munnvatn myndað og hvaða hlutverki gegnir það? (5%)

3. Skýrið hugtökin á myndinni eins nákvæmlega og þið getið (5%)




4. Lýstu því hvernig ósjálfráða taugakerfið stjórnar blóðþrýstingi með afturvirkum hætti. (5%)

5. Hvaða hlutverki gegna eftirfarandi líffæri vessakerfisins? (10%)

- a. Eitlar
- b. Milta
- c. Kverkeitlar (hálskirtlar)
- d. Hóstarkirtill

9. Teiknið einfaldaða gerð nýrungs (nephrone), Lýsið gerð hans og nefnið mismunandi hluta hans (10%)

MYND



Aukaspurning. Bara +

Hvers vegna er ekki hægt að svipta sig lífi með því að halda niðri í sér andanum?
